

Mál nr. 193/2014
M
og V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Hvarf skartgripa úr íbúð á tímabilinu 16. apríl til 1. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. júlí 2014.
3. Tölvupóstur f.h. M dags. 14. júlí 2014.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem sonur M tilkynnti um þjófnað á skartgripum M úr íbúð hennar. M er rúmliggjandi og í hjólastól og fær heimahjúkrun daglega. Mismunandi starfsfólk hafi verið að sinna M vorið 2012 og sé það með lykla og komi nokkrum sinnum á dag. Einnig komi starfsmenn til þrifa nokkrum sinnum í mánuði. Sonur M segir í lögregluskýrslu að langlíklegast sé að einhver þessara hafi stolið skartgripunum, sem séu úr gulli, og langlíklegast sé að þeir hafi verið seldir til gullkaupmanna sem væru mikið að auglýsa eftir slíkum gripum í blöðum.

M telur að greiða eigi bætur úr innbústryggingu M vegna þjófnaðar og eigi einnig að líta til áratugaviðskipta M við V og tjónareynslu við mat á bótaskyldu.

V telur að M hafi verið upplýst um að félagið greiddi ekki bætur vegna atviksins með símtali og bréfi dags. 18. mars 2013 og þar sem málskot til úrskurðarnefndar hafi ekki borist innan árs frá þeirri dagsetningu hafi réttur M til greiðslu bóta fallið niður með vísan til 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ef ekki verði fallist á það telur V að í fyrsta lagi að ósannað sé að skartgripum M hafi verið stolið og þannig sé ósannað að hvarf þeirra falli undir gildissvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar þar sem þjófnaður er áskilinn. Það sé M að sýna fram á þjófnað og gögn um slíkt liggi ekki fyrir. Ef slíkt telst hins vegar sannað telur V að ákvæði í gr. 4.5.1. í váttryggingarskilmálum eigi við um aðstæður M, en þar kemur fram að ef þjófnaður hefur átt sér stað úr íbúðarhúsnæði sem er ólæst en ekki mannlaust greiðist takmarkaðar bætur og ekki bætur vegna skartgripa. Þjófnaður á skartgripum við þessar aðstæður sé því undanskilinn gildissviði váttryggingarinnar með ótvíræðum og skýrum hætti í umræddri grein.

Álit.

Ágreiningur er um hvort málið er tækt til úrskurðar nefndarinnar í ljósi eins árs frests sem getur gilt til lögfræðilegra aðgerða eins og að skjóta málinu til nefndarinnar, skv. 2.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga, frá því að máli var hafnað af hálfu váttryggingafélags. Nánar tiltekið kemur þar fram að váttryggingafélag sem hafnar kröfu um bætur í heild eða að hluta geti tilkynnt váttryggingartaka að hann glati rétti til bóta höfði hann ekki mál eða skjóti máli til úrskurðarnefndar innan árs frá höfnuninni. Gerð er sú krafa að í tilkynningu váttryggingafélags komi fram hver lengd frestisins sé, hvernig honum sé slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. Ekki liggur fyrir afrit tilkynningar þeirrar sem V kveðst hafa sent til M í mars 2013. Ber V sönnunarbyrðina fyrir því að hafa tilkynnt M um höfnun félagsins og afleiðingar hennar. Gegn eindregnum mótmælum M telst ekki sannað að V hafi tilkynnt henni um höfnun félagsins á bótaskyldu í mars 2013 og afleiðingum þess og telst frestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga því ekki hafa verið liðinn þegar málskot þetta barst þann 23. júní 2014.

Í málinu liggur fyrir að sonur M tilkynnti til lögreglu um hvarf skartgripa úr íbúð M í byrjun júlí 2012. Þegar litið er til skýringa sem liggja fyrir í málinu á aðstæðum M verður að telja líkur á að skartgripir þeir sem hurfu af heimili hennar á vorið 2012 hafi horfið vegna þjófnaðar og falli því undir gildissvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar hennar. Nánar tiltekið verður að telja að

gr. 4.5.1 í vátryggingarskilmálum eigi við þar sem kemur fram að vátryggingin bæti tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Í greininni kemur hins vegar líka fram að ef íbúðarhúsnæði er ólæst en ekki mannlaust séu hámarksbætur 5% af vátryggingarfjárhæðinni og taki við slíkar aðstæður ekki til þjófnaðar á peningum, verðbréfum, úrum, skartgripum, handritum, frumteikningum, mynt- eða frímerkjasöfnum.

Í málinu liggur fyrir að nokkrar líkur eru á því að skartgripir M hafi horfið úr íbúðarhúsnæði hennar vegna þjófnaðar. Í ljósi þess að margir virðast hafa haft lykil af húsnæðinu verður að telja jafn miklar líkur á að þjófnaður hafi átt sér stað þegar húsnæðið var ólæst. Sökum aðstæðna M verður einnig að álykta að húsnæðið hafi ekki verið mannlaust þegar ætlaður þjófnaður átti sér stað. Með því er ljóst að aðstæður eins og lýst er í gr. 4.5.1. í vátryggingarskilmálum V eiga við um aðstæður M. Þar eru tjónsatvik eru sérstaklega undanskilin sem verða vegna þjófnaðar á skartgripum úr ólæstu og ekki mannlausu íbúðarhúsnæði. Telst V hafa með hlutlægum hætti undanskilið slík atvik með nægilega skýru og ótvíræðu orðalagi. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.